

## **13. fundur Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn miðvikudaginn 22. júní 2016 og hófst kl. 17:00.**

### **Mætt eru:**

Sverri Möller, Sigríður Ósk Indriðadóttir, Steinunn Anna Halldórsdóttir og Maríus Halldórsson.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### **Dagskrá:**

#### **1. Innsent erindi – eigendur Þorsteinsstaða – ósk um stofnun eignalóðar**

Landbúnaðarnefnd mælist til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki beiðni um stofnun eignarlóðar í landi Þorsteinsstaða. Fylgi því engar fjárhagslegar kvaðir fyrir sveitarfélagið.

#### **2. Innsent erindi - Hundahreinsun**

Síðastliðið haust greindist sullur í sveitarfélaginu. Því er afar mikilvægt að koma upp skipulegri hunda og katta hreinsun líkt og var hér áður þegar garnaveikibólusetning var viðhöfð.

Landbúnaðarnefnd leggur til að gerður verði samningur við héraðsdýralækni Langanesbyggðar, Silviu Windman á kostnað bænda. Silvia kæmi að haustlagi á hverju ári á hvern bóndabæ og hreinsaði bæði hunda og ketti.

#### **3. Önnur mál**

Formaður sat fund með sveitarstjóra og fór í kostnaðargreiningu á þeim verkefnum sem landbúnaðarnefnd hafði áður greint frá. Varðandi girðingar, aðhöld, réttir og kamra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 18:30.